

22. gr.

Slys og slysatilkynningar.

- 22.1 Við stólalyftu skal vera búnaður til að veita skyndihjálp, beri slys að höndum.
 22.2 Verði slys á farþega, sem ætla má að leiði til líkamstjóns eða umtalsverðs skaða, skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins. Vinnuslys skal tilkynna í samræmi við reglur þar að lútandi.

23. gr.

Viðurlög.

- 23.1 Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

24. gr

Gildistaka.

- 24.1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og öðlast gildi 1. júní 1990.

Bráðabirgðaákvæði.

1. Þrátt fyrir ákvæði í gr. 8.1 er heimilt að reka þær stólalyftur sem teknar hafa verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, þó ekki sé unnt að keyra þær afturábak.
2. Ákvæði í gr. 10.3 gilda ekki um þær lyftur sem teknar hafa verið í notkun fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, nema endastöðvar og möstur ásamt undirstöðum þeirra séu hönnuð fyrir það aukna álag sem ákvæðinu fylgir.
3. Fyrir 1. nóv. 1990 skal fara fram ítarleg skoðun á þeim stólalyftum sem eru í rekstri fyrir gildistöku reglugerðar þessarar. Úttekt skal framkvæmd af viðurkenndum aðila og í samráði við Vinnueftirlit ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 9. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Óskar Hallgrímsson.

18. maí 1990

Nr. 216

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um húsbrefakaup
 lífeyrissjóða nr. 522/1989.**

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Lífeyrissjóðum er heimilt að fullnægja samingsbundnum skuldabréfakaupum af Húsnæðisstofnun ríkisins með því að kaupa húsbref fyrir 10% af ráðstöfunarfé sínu árið 1990 og fyrir 18% af ráðstöfunarfé sínu fyrir árið 1991. Hámarkslánsréttur umsækjanda, sbr. 12. gr. laga nr. 86/1988, miðast við að samanlögð kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum og húsbrefum sé a.m.k. 55% af ráðstöfunarfé þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 76/1989, sbr. lög nr. 86/1988, öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. maí 1990.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.